

A' 1 - i

Erindi n. 2 / 116 / 1578

komudagur 14 / 12 1992

Til þingmanna



MOSFELLSBÆR

Skrifstofa Hlégarði
Símar 666 218 & 666 219

Mosfellsbæ 10.12.1992

Á fundi bæjarstjórnar Mosfellsbæjar þann 9. desember var fjallað um niðurfellingu aðstöðugjalds frá 1. janúar 1993, sem er liður í efnahagsráðstöfunum ríkisstjórnarinnar. Á fundinum samþykkti bæjarstjórn Mosfellsbæjar eftirfarandi ályktun:

"Í efnahagsráðstöfunum ríkisstjórnarinnar, sem kynntar voru þann 23. nóvember s.l. er kveðið á um afnám aðstöðugjalds. Jafnframt er ákveðið að bæta sveitarfélögum upp missi aðstöðugjaldsins með því að greiða sveitarfélögum sem nemur 80% af álögðu aðstöðugjaldi á árinu 1993. Til þess að standa undir þessum greiðslum ríkis til sveitarfélaga hefur verið ákveðið að hækka tekjuskattshlutfall einstaklinga um 1,5%.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar mótmælir harðlega þeirri ákvörðun ríkisstjórnarinnar að ætla að bæta sveitarfélögum upp missi aðstöðugjaldsins til bráðabirgða með því að fara þá leið að auka tekjuskatt einstaklinga. Ljóst er að þessi leið verður til þess að stórfelldur flutningur skattpeninga mun eiga sér stað á milli sveitarfélaga. Þannig má áætla að tekjuskattur einstaklinga í Mosfellsbæ hækki samtals um 55 milljónir króna. Þar af munu einungis 27 milljónir króna koma í hlut bæjarsjóðs Mosfellsbæjar vegna aðstöðugjalds, en 28 milljónir króna munu fara til þess að halda uppi tekjum annarra sveitarfélaga. Það hlýtur að teljast órökrétt að íbúum í Mosfellsbæ, sem telst vera tekjulægsti kaupstaður landsins, skui þannig í raun vera gert að halda niðri útsvari t.a.m. í höfuðborginni. Að áliti bæjarstjórnar Mosfellsbæjar hefði verið mun réttlátara að breyta útsvarshlutfalli í stað tekjuskattshlutfalls. Slík ráðstöfun hefði komið á sama stað niður fyrir skattgreiðendur, en jafnframt tryggt það að skattar íbúa kæmu til góða við rekstur og uppbyggingu þeirra eigin sveitarfélags.